



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2016

HGSU1HS03

Kennari:	Sigurður Grímsson- Magnús Tryggvason	Sk.st.	SG-MT
-----------------	---	---------------	--------------

Áfangalýsing:

Nemendur læri að stilla suðutækin, þekki hlutverk hlífðargassins, geti soðið lárétt og lóðrétt fallandi efni s.s.stál, ál og ryðfrítt stál 1-3 mm og þekki mismunandi gastegundir og gasblöndur viðvirkjandi suðu þessara efna. Þekki helstu galla í suðum og ástæður þeirra.

Undanfari: Grunnskólapróf.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Gastegundum og gasblöndum sem notaðar eru við suðu á stáli, áli og ryðfríu stáli.

Hlutverki hlífðargassins og réttum stillingum.

Öllum hlutum suðutækja og virkni þeirra.

Mismun í pólun jafnstraums og riðstraum við TIG- suðu.

Öryggismál: Brunahætta. Hætta vegna geislunar, hita, reyks o.s.frv.. Hlífðarfatnaður.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

Að stilla suðutækin, þ.e. straum, vírhraða, spennu og viðnám.

Að setja rúlluvír í suðutækin, og velja rétta spíssa.

Að stilla gasflæði, velja gashulsu og skaut.

Að sjóða í mismunandi suðustöðum (PA, PB o.s.frv.).

Að meta algengustu suðugalla og greina orsakir þeirra.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Gegnumsjóða 3mm stálplötu öðru megin frá.

Meta algengustu suðugalla og greina orsakir þeirra.

Stilla gasflæði, velja gashulsu og skaut.

Stilla suðutækin, þ.e. straum, vírhraða, spennu og viðnám.

Setja rúlluvír í suðutækin og velja rétta spíssa.

Námsefni:

Málmsmíði. Efni hjá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
		Ýmis verkefni, verkleg og fagbókleg.	Mat á verkefnum annar.

Sérreglur áfangans: Skilyrði fyrir að áfanga sé lokið, er að nemandi ljúki við þau verkefni sem fyrir eru lögð, bæði verkleg og fagbókleg.

Fyrirkomulag námsmats: Mat á verkefnum annar

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.